

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

844. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. september 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, varamaður, Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Bréf Umhverfisstofnunar.
2. Bréf Vegagerðarinnar
3. Virkar, lokaskýrsla vegna styrks úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði
4. Dreifnám- fjárlagafrumvarp.

Afgreiðslur:

1. **Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar** dags. 15. september sl. Áminning og krafa um úrbætur á urðunarstað Húnaþings vestra að Syðri Kárastöðum. Í bréfinu kemur fram að Umhverfisstofnun veitir Húnaþingi vestra áminningu fyrir frávik frá kröfum sem settar eru fram í 3. lið viðauka I í reglugerð nr. 738/2003, en þar er gerð krafa um verndun jarðvegs, grunn- og yfirborðsvatns með jarðfræðilegum tálma og botnþéttingu á urðunarstöðum. Áminningin er veitt í samræmi við 2. mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir Húnaþingi vestra frest til að stöðva urðun á svæðinu og senda Umhverfisstofnun staðfestingu þess eðlis til og með 6. október 2014. Sveitarstjóra falið að senda Umhverfisstofnun nýja áætlun um lokun urðunarstaðarins að Syðri-Kárastöðum.
2. **Lagt fram bréf Vegagerðarinnar** dags. 15. september sl., þar sem tilkynnt er að Vegagerðin hyggist framvegis sjálf sjá um vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli í Húnaþingi vestra, vegir 72 og 711. Byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að kanna stöðu sveitarfélagsins gangvart samningi við núverandi verktaka um snjómokstur á þessum vegum en gera jafnframt athugasemdir við að vegunum Klapparstígur frá Hvammstangabraut að Strandgötu, Strandgata frá Klapparstíg að Smiðjugötu og Smiðjugötu frá Strandgötu að Hafnarbraut hafi ekki verið skilað í viðunandi ástandi þegar þeir voru teknir að vegaskrá skv. vegalögum nr. 80/2007, skv. bréfi Vegagerðarinnar dags. 16. maí 2012, og fer fram á að úr því verði bætt hið fyrsta.

3. **Lögð fram lokaskýrsla** vegna styrks sem Virkar ehf. fengu úthlutað úr Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir skýrsluna og felur sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að greiða eftirstöðvar styrksins.
4. **Dreifnám- fjárlagafrumvarp.** Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2015, kemur fram að framlag til dreifnáms á Hvammstanga er fellt niður, sem þýðir að óbreyttu að ekki verði hægt að halda út námi haustið 2015. Byggðarráð gerir alvarlegar athugasemdir við þennan niðurskurð og felur sveitarstjóra að koma þeirri skoðun á framfæri við þar til bæra aðila.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:15

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Ingimar Sigurðsson

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir